

176. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum haldinn í ME miðvikudaginn 24. september 2025 kl. 17

Mætt voru úr skólanefnd: Skúli Björn Gunnarsson, Þorvaldur P. Hjarðar sem varamaður, Stefán Bogi Sveinsson og Magnús Jónsson var í fjarsambandi. Af áheyrnarfulltrúum voru mætt: Steinunn Snædal f.h. foreldra, Auðunn Lárusson f.h. nemenda og Katrín Högnadóttir f.h. kennara. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Eyrún Arnadóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Kosning formanns
2. Dagsetningar skólanefndarfunda
3. Gangurinn í starfinu.
4. Fjármál
5. Önnur mál.

Fundur var settur kl. 17:00 og gengið til dagskár.

1. Kosning formanns

Stungið upp á Skúla Birni Gunnarssyni og var hann samþykktur samhljóða sem formaður á síðasta ári þessarar skólanefndar.

2. Dagsetningar skólanefndarfunda

Undir þessum lið var farið yfir tillögu að tímasetningu skólanefndarfunda í vetur ásamt ramma um það hvað skuli tekið fyrir á hverjum fundi. Nefndarmenn sammála um að halda því fyrirkomulagi sem sýnt er og mun skólameistari senda út fundarboð fyrir alla fundina til að þau komist inn í dagatöl.

3. Gangurinn í starfinu

Skólameistari fór yfir lok skólastarfs í maí sem og byrjun nú í haust. Farið yfir innritun og skipulag haustsins. Óvenju margir nýnemar komu inn í haust sem skapaði mikið álag í skólabyrjun. Vísa þurfti mörgum fjarnemum frá. Heimavistin er þéttskipuð. Kennarar eru að fara á SamNor ráðstefnu á Sauðárkróki á föstudag. Rætt um vinnumat og endurmenntun kennara og skólapróunarteymi. Nýbúið er að taka út farvistir og gefa út miðspannarmat.

Framkvæmdir eru að hefjast við klósettin á neðri hæð í heimavistarhúsi, einnig verður farið í að slípa upp parkett í hátíðarsal og mötuneyti skólans. Í tengslum við klósettframkvæmdir verður farið í að undirbúa gamla bókasafnið fyrir að hýsa hluta listnámsbrautar.

4. Fjármál

Skólameistari fór yfir fjármálin. Í fundargögnum var samanburður á ágúst 2024 og 2025. Hagræðingaraðgerðir munu skila sér á haustönn en ljóst að gert var ráð fyrir 5% launahækkunum í rekstrarlíkani skólans en hækkun varð 12%, nokkuð sem myndar halla á rekstri miðað við fjárlög. Óljóst er hvenær og hvernig leiðrétting kemur frá ríki. Formaður sagðist hafa farið með minnisblaðið sem skólanefnd samþykkti í vor inn á stjórnarfund hjá SSA 4. júní. Fylgja þarf eftir að SSA taki fjármál skólans upp við fjárlaganefnd og þingmenn í vetur því að framlög í framlögðu fjárlagafrumvarpi eru svipuð og verið hafa.

5. Starfsmannamál haustannar

Árni fór yfir starfsmannamál haustsins. Farið var yfir ráðningar og uppsögn. Rætt var sérstaklega álag vegna fjölgunar nemenda samhliða fækkun kennara í haust.

6. Önnur mál

a. Félagsstarf nemenda

Auðunn, formaður nemendaráðs ME, fór yfir félagslífið. Góð mæting hefur verið á viðburði og böll og klúbbastarf kraftmikið. Nýnemavígsla var endurskipulögð og gekk gríðarlega vel í haust. Allir ánægðir og enginn sóðaskapur sem einkenndi vígslur liðinna ára. Tónleikar á næstunni og mikið líf á vistinni. Skólameistari ræddi aðeins haustfagnað sem fram fór síðustu helgi í skóginum á Hallormsstað.

b. Tillögur um nýtt skipulag fyrir opinbera framhaldsskóla

Skólameistari var nýkominn af fundi skólameistara á Selfossi þar sem ráðherra mennta- og barnamála kynnti áform um nýtt skipulag fyrir opinbera framhaldsskóla. Hann fór yfir hugmyndirnar eins og þær hafa verið kynntar. Meginatriðið í þeim er að búnað verði til svæðisskrifstofur haldi utan um rekstur skólanna, sinni mannauðsmálum og stuðningi. Þannig yrði ein svæðisskrifstofa fyrir alla framhaldsskóla í Norðausturkjördæmi.

Ráðherra boðaði að á næstu vikum myndi hann heimsækja alla framhaldsskóla og ræða þessi áform. Skólanefnd óskar eftir því að a.m.k. formaður nefndarinnar verði kallaður til fundar þegar ráðherra kemur í ME.

c. Fundargerð kennarafundar

Fundargerð kennarafundar 14. ágúst var í fundargögnum. Kynnt.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 18:15.

Skúli Björn Gunnarsson

Stefán Bogi Sveinsson

Magnús Jónsson

Þorvaldur B. Hjarðar

Undirritunarsíða

Skúli Björn Gunnarsson

Stefán Bogi Sveinsson

Magnús Jónsson

Þorvaldur P Hjarðar